

## Ávarp stjórnarformanns, Arnars Sigurmundssonar, á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða 10. maí 2007.

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn.

Segja má að árið 2006 hafi verið íslenskum lífeyrissjóðum mjög hagstætt. Er þetta fjórða árið í röð þar sem meðal raunávöxtun þeirra er yfir 10%. Við megum þó ekki gleyma því að árin 2000-2002 voru sjóðunum erfið og árleg raunávöxun þeirra var á því árabili neikvæð að meðaltali um rúm 2%. Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun sjóðanna hafi að meðaltali numið 10,6% á árinu 2006. Ef litið er til lengri tíma eða síðustu 5 ára nemur raunávöxtunin 8,3%, sem er hæsta 5 ára meðaltal síðan skipulegar mælingar á ávöxtun sjóðanna hófust árið 1991. Ef skoðað er meðaltal síðustu 10 ára nemur árleg raunávöxtun lífeyrissjóða liðlega 6,5% að meðaltali, sem er sem því næst nákvæmlega sama tala og árleg raunávöxtun sjóðanna allt frá árinu 1991. Allar þessar tölur bera rekstri og ávöxtun lífeyrissjóðanna gott vitni.

Mikil áhættudreifing er í eignasafni lífeyrissjóðanna og verður nú vikið að helstu þáttum sem ráða mestu um ávöxtun þeirra.

Talsverðar sveiflur einkenndu þróun Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar á síðasta ári. Vísitalan hækkaði mikið í byrjun ársins og hæstu hæðum um miðjan febrúar og hafði þá hækkað um 25% frá áramótum. Síðan dró nokkuð úr hækkuninni, m.a. vegna þess að erlend matsfyrirtæki birtu neikvæðar spár um íslenskt efnahagslíf. Á miðju síðasta ári hækkaði vísitalan á nýjan leik sem skilaði sér í því að Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um tæplega 16% á árinu 2006.

Eignir lífeyrissjóðanna í innlendum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum námu liðlega 17% af heildareignum þeirra í árslok 2006. Er hlutfallið nær óbreytt frá árslokum 2005, en þá var það 16,8%. Á síðasta ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 18% miðað við bandaríkjadollar. Evrópskar vísitölur hækkuðu um 17,7% og helstu vísitölur í Bandaríkjunum hækkuðu einnig umtalsvert á síðasta ári.

Gengi íslensku krónunnar veiktist verulega gagnvart erlendum gjaldmiðlum á síðasta ári. Frá ársbyrjun til ársloka 2006 nam lækkun krónunnar að meðaltali tæp 19%. Þessar gengisbreytingar voru nokkuð misjafnar gagnvart einstökum gjaldmiðlum. Breytingar á gengi krónunnar skiluðu sér í góðri ávöxtun á erlendum eignum lífeyrissjóðanna, umfram þær hækkanir sem urðu á mörkuðum. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu liðlega 30,4% af heildareignum þeirra í árslok 2006. Er þetta hæsta hlutfall erlendra eigna þeirra frá upphafi, en sambærilegt hlutfall var 25,3% í árslok 2005. Hafa ber í huga að lækkun á gengi krónunnar á sinn þátt í hækkuðu hlutfalli erlendra eigna

Miklar breytingar og sviptingar hafa orðið á íslenska verðbréfamarkaðinum á fyrstu mánuðum þessa árs. Úrvalsvísitalan hefur hækkað umtalsvert og útlitið framundan í þeim efnum er nokkuð gott. Útrás íslenskra fyrirtækja á undanförmum árum hefur styrkt afkomu þeirra verulega og gjörbreytt samsetningu þeirra fyrirtækja sem mynda úrvalsvísitöluna. Lífeyrissjóðirnir og hafa notið góðs af góðu gengi þeirra ekki síst fjármálafyrirtækja sem

fram kemur í góðri ávöxtun sjóðana. Sveiflur á hlutabréfamörkðum og á gengi krónunar undirstrika mikilvægi áhættudreifingar á fjármunum sjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir hafa eins og áður hefur komið fram gætt þess að hafa sitt eignasafn vel dreift og tryggt þannig í senn örugga ávöxtun þeirra með miklum fjármunum í innlendum skuldabréfum. Á sama hátt hafa sjóðirnir komið fram sem öflugir langtímafjárfestar á innlendum og erlendum verðbréfamörkðum. Heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna námu tæplega 1460 milljörðum króna í árslok 2006 og höfðu aukist um tæplega 277 milljarða frá árslokum 2005. Í árslok 2006 námu hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna liðlega 120% af vergri landsframleiðslu. Er þá miðað við meðalstöðu eignanna yfir árið. Þetta hlutfall hefur ekki mælst hærra.

Allt umhverfi lífeyrissjóðanna er á sífelldri hreyfingu. Sú þróun heldur áfram að lífeyrissjóðir sameinast. Á síðasta ári fækkaði lífeyrissjóðum um fimm vegna sameininga og þessi þróun hefur haldið áfram á þessu ári. Á einum áratug hefur lífeyrissjóðum hér á landi fækkað um 25, eða úr 66 í árslok 1996 í 41 í árslok 2006. Á sama tíma hafa sjóðirnir verið að stækka og eflast og skipta nú orðið gríðarlegu máli í þróun velferðarsamfélagsins á Íslandi.

Hvað snertir hið ágæta starf sem Fjármálaeftirlitið vinnur að, þá er það skoðun samtakanna að styrkja beri starfsemi eftirlitsins og gera það enn skilvirkara en nú er. Landssamtök lífeyrissjóða eru þeirrar skoðunar að gott samstarf FME við hagsmunasamtök eftirlitsskyldra aðila sé nauðsynlegt til að að FME geti sinnt enn frekar og betur eftirlitshlutverki sínu við þær aðstæður sem nú ríkja á fjármálamarkaðinum. Þá er nauðsynlegt að þannig sé búið að Fjármálaeftirlitinu að það sé talið eftirsóknarvert fyrir gott starfsfólk að sinna þar störfum, án þess að vera yfirboðið í launakjörum af fyrirtækjum á fjármálamarkaði. Viðurkennt er að helsti auður fyrirtækja sé mannaúdurinn sem byggir á vel menntuðu og ánægðu starfsfólki með góða starfsreynslu og starfskjör. Miðað við umfang fjármálakerfisins hér á landi á sú staðreynd ekki síður við gagnvart starfsfólki FME.

#### Góðir fundarmenn

Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða að Kauphöll Íslands er meðal stofnaðila að sérstakri yfirtökunefnd sem sett var á laggirnar með víðtækri þátttöku þeirra sem hagsmuna hafa að gæta á fjármagnsmarkaði. Ég mun nú víkja að þátttöku lífeyrissjóðanna og aðkomu þeirra að Yfirtökunefndinni sem nokkuð hefur verið í fréttum í tengslum með viðskipti með hlutabréf í Glitni h.f.

Fyrir liggur að nefndin hefur unnið merkt starf við ráðgjöf í tengslum við viðskipti á hlutabréfamarkaði. Það urðu því okkur sem vinnum á vettvangi lífeyrissjóðanna nokkur vonbrigði að lesa yfirlýsingu formanns nefndarinnar, sem gefin var í tengslum við viðskipti með hlutabréf í Glitni, að tveir ótilgreindir aðilar hafi hafnað að veita nefndinni upplýsingar sem tengdust fyrrgreindum viðskiptum. Samkvæmt yfirlýsingu nefndarinnar var viðkomandi máli vísað til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli takmarkaðra upplýsinga og tímahraks.

Það er grundvallaratriði fyrir heilbrigði fjármagnsmarkaðarins og jafnframt fyrir trúverðugleika Yfirtökunefndarinnar að hún beiti þeim úrræðum sem henni voru fengin við stofnun. Yfirtökunefndin á að birta opinberlega nöfn þeirra aðila sem með einhverjum hætti

leggja stein í götu nefndarinnar, hvort heldur með skorti á upplýsingagjöf eða með því að láta ekki ná í sig og þannig komast hjá því að veita nefndinni upplýsingar.

Hiki nefndin við að beita þessu grundvallarúrræði, sem kann að vera harkalegt, en sem engu að síður felst í víðtækum stuðningi markaðsaðila, er nefndin bitlaus. Að ætla henni hlutverk með lögum eins og nefnt hefur verið af fjölmiðlum og af stöku stjórnmalamönnum er þarflaust. Þar með hverfur möguleikinn fyrir skjótar niðurstöður í álitamálum á hraðskreiðum fjármálamarkaði.

Öflugur fjármagnsmarkaður er afar þýðingarmikill fyrir vöxt og viðgang lífeyrissjóðanna, sem hafa það eitt að markmiði að ávaxta eignir og efla réttindi sjóðfélaganna. Þýðingarmikill áfangi á þessari braut var sala Kauphallarinnar og Verðbréfaskráningarinnar til OMX í nóvember síðastliðnum og þar með samþætting íslensks hlutabréfamarkaðar með þeim finnska, sænska og danska, auk hlutabréfamarkaða Baltnesku landanna.

Ég er sannfærður um að með sölnunni var stigið heilladrjúgt framfaraskref. Það er jafnframt ánægjuefni að geta greint frá því hér að stærstu seljendum Kauphallar Íslands og Verðbréfaskráningar Íslands í formi þingaðila og útgefenda fóru þess á leit við Þorgeir Eyjólfsson, forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, að verða fulltrúi fyrrum eigenda Kauphallarinnar í stjórn OMX Exchanges Ltd. sem fer með rekstur kauphalla samstæðunnar í sjö löndum. Þorgeir hefur setið á annan áratug sem fulltrúi lífeyrissjóðanna fyrst í Verðbréfaþingi Íslands og síðan í Kauphöllinni og var virkur þátttakandi fyrir okkar hönd í stofnun Verðbréfaskráningar Íslands. Þorgeir er ennfremur fulltrúi Landssamtakanna í EFRP.

Eitt af meginhlutverkum Landssamtaka lífeyrissjóða er að vera málsvari sjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varða sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna. Í þessu felst mikið starf sem unnið er á vettvangi samtakanna í góðu samstarfi við aðildarsjóðina. Að standa vaktina í síbreytilegu umhverfi útheimtir mikla vinnu og gildir einu hvort þar er átt við samskipti við stjórnvöld og eftirlitsstofnanir, hagsmunasamtök eða að styrkja ímynd sjóðanna.

Ég mun nú víkja að nokkrum málum, sem hafa verið til umræðu og skoðunar á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða.

Fyrst skal telja fræðslumálin en í þeim felst jafnt að standa að útgáfu kynningarefnis um starfsemi lífeyrissjóðanna og standa fyrir fræðslu- og umræðufundum. Öflug vefsíða samtakanna er liður í fræðslustarfinu. Þrátt fyrir þetta má gera betur og það þarf að vera ákveðið forgangsverkefni að efla kynningarstarf á vegum samtakanna á næstunni. Nú er unnið að gerð sérstakrar vefsíðu á vegum LL sem mun einskorðast við fræðsluefni um lífeyrissjóðina. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum mun Gunnar Baldvinsson kynna vefsíðuna fyrir fundarmönnum.

Örorkumál hafa á seinni árum tekið mikinn tíma í starfsemi samtakanna og einstakra lífeyrissjóða. Vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna undanfarin ár, langt umfram fyrri tryggingafræðilegar úttektir hafa kallað fram viðbrögð hjá mörgum lífeyrissjóðum. Sérstök örorkunefnd á vegum LL hefur starfað um árabíl og skilaði hún skýrslu síðasta haust, en hún hafði áður skilað áfangaskýrslu. Hlutfall örorkulífeyris eru mjög misjafnt á milli

Lífeyrissjóða og vegur hlutfallið hæst hjá sjóðum á almennum vinnumarkaði. Í árslok 2006 samþykkti Alþingi að verja hluta af tryggingargjaldi atvinnurekenda til þess að létta undir örorkulífeyrisgreiðslum, í fyrstu þrjú árin hjá þeim sjóðum sem bera þyngstu byrðina, en síðan skiptast þessar greiðslur einnig yfir á aðra sjóði á eftir ákveðnum reglum. En betur má ef duga skal.

Sérstök örorkunefnd á vegum forsætisráðherra, með aðkomu heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði, Landsamtaka lífeyrissjóða og Öryrkjabandalagsins skilaði skýrslu í mars á þessu ári. Í tillögum nefndarinnar sem samþykktar hafa verið í ríkisstjórn felast m.a. víðtækar breytingar á skilgreiningu á örorku og rétti til örorkulífeyris og viðmiðanir um örorkumat í almannatryggingakerfinu og hjá lífeyrissjóðunum verði samræmdar. Áhersla verður lögð á að saman fari læknisfræðileg endurhæfing og starfsendurhæfing eftir því sem við á og að endurhæfing hefjist eins fljótt og auðið er.

Nú hefur forsætisráðherra skipað framkvæmdanefnd til að fylgja eftir þeim tillögum sem kynntar voru í marsmánuði s.l. Það er gríðarlega mikilvægt að vel takist til í frekari vinnu við útfærslu þessara tillagna, en þær kalla einnig á umtalsverðar breytingar á lögum og reglugerðum. Það verða allir að leggjast á eitt til þess að efla starfsendurhæfingu hér á landi og gera þannig fólki með skerta starfsgetu kleift að komast á vinnumarkað á nýjan leik. Ljóst er að nokkurn tíma kann að taka að kynna málin fyrir hagsmunaaðilum og koma á nauðsynlegum lagabreytingum. Framkvæmdanefndin mun vinna að þeim málum á næstu mánuðum. Jafnvel þó stjórnvöld í samráði við hagsmunaaðila takist að koma nauðsynlegum breytingum á fyrir lok þessa árs, er hins vegar mikilvægara að allir framkvæmdaþættir þessa málefnis vinni saman í samræmdum ferli, því góður undirbúningur málsins er nauðsynlegur.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa látið þýða á íslensku reglur um ábyrgar fjárfestingar, sem unnar hafa verið að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Um er að ræða leiðbeinandi reglur fyrir stofnanafjárfesta um allan heim, þar sem þátttakendur undirgangast að taka tillit við fjárfestingar til umhverfislegra og félagslegra þátta tengdan rekstri fyrirtækja, auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja. Reglurnar voru samdar af liðlega þrjátíu leiðandi lífeyrissjóðum og eignavörslufyrirtækjum austan hafs og vestan í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar. Lífeyrissjóður verzlunarmanna var fyrsti íslenski lífeyrissjóðurinn til að fá aðild að þessum reglum, en auk þess hefur Lífeyrisjóður starfsmanna ríkisins fengið aðild að reglunum. Landssamtökin hvetja íslenska lífeyrissjóði að kynna sér þessar reglur og tileinka sér þær eftir föngum.

Árið 1983 beittu sambönd lífeyrissjóða sér fyrir gerð samkomulags um samskipti lífeyrissjóða, sem síðan hélst óbreytt í 15 ár. Árið 1997 var það tekið til endurskoðunar, sem lauk með nýju samkomulagi, sem öðlaðist gildi 1. júní 1998 og gildi til septemberloka 1999. Núgildandi samkomulag hefur síðan gilt frá 1. október 1999.

Á undanförunum tveimur árum hafa orðið víðtækar breytingar á lífeyrissjóðakerfinu. Í stað svonefnds stigakerfis, sem í hálfan fjórða áratug myndaði grundvöll lífeyrisréttinda alls þorra starfandi manna á almennum vinnumarkaði, er nú víðast hvar komið kerfi aldurstengdrar ávinnslu réttinda. Jafnframt hafa iðgjöld launagreiðenda hækkað og hið almenna hlutfall milli iðgjaldahluta launagreiðenda hefur breyst. Er nú lögbundið að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða skuli nema 12% af iðgjaldastofni. Þessar breytingar hafa leitt til þess að úrskurðar- og umsagnarnefnd, sem starfar á vegum LL og fjallar um mál er varða framkvæmd núgildandi samskiptasamkomulags, hefur talið tímabært í samráði við

stjórn samtakanna, að taka það til endurskoðunar og nota samtímis tækifærið til að taka inn í samkomulagið atriði, sem nefndin hefur fjallað um á undanförunum árum. Nefndin hefur þessa dagana sent lífeyrissjóðunum tillögur sínar um nýtt samskiptasamkomulag til umsagnar, en stefnt er að gildistöku þess 1. júlí n.k.

Góðir fundarmenn.

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að EFRP, samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemiinni felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum.

Alþingi hefur nú samþykkt lög um starfstengda eftirlaunasjóði, sem byggir á tilskipun Evrópusambandsins. Tilskipunin gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri, þ.e. stofnanir sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna um móttöku lögbundinna iðgjalda fellur undir reglugerð Evrópubandalagsins nr. 1408/71 og því ekki undir umrædda tilskipun. Móttaka viðbótariðgjalda kunna hins vegar að falla undir ákvæði tilskipunarinnar, að því tilskyldu að þau séu starfstengd og valkvæð.

Í skýrslu nefndar á vegum forsætisráðherra frá því í október 2006 um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi, er sérstaklega vikið að möguleikum á því að skapa umhverfi fyrir starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi sem væru í stakk búnir til að bjóða fjölbjóðlegum fyrirtækjum þjónustu sína. Í því sambandi er sérstaklega vísað í umrædda Evróputilskipun í lífeyrismálum. Til þess að koma slíkri markaðssetningu við þyrfti að fara yfir íslensku lífeyris- og skattalöggjöfina og samræma hana evrópsku lífeyristilskipuninni, enda er afar nauðsynlegt að öll lagaumgjörð í tengslum við neytendavernd og skattareglur sé ásættanleg.

Eins og áður hefur komið fram fellur meginstarfsemi íslenskra lífeyrissjóða utan gildissviðs tilskipunarinnar. Engu að síður má færa fyrir því gild rök að eðlilegt sé að ætla lífeyrissjóðum á Íslandi sama svigrúm til fjárfestinga og þeim lífeyrissjóðum sem koma til með að falla undir löggin um starfstengda lífeyrissjóði. Það er ekki sannfærandi að veita þeim lífeyrissjóðum sem sinna innlendra starfsemi takmarkaðri fjárfestingarheimildir en öðrum lífeyrissjóðum sem munu mögulega reka starfsemi sína hér á landi og þjónusta fyrirtæki og einstaklinga annars staðar á EES-svæðinu. Eins má benda á að það þurfi að vera mjög sterk rök fyrir því að takmarka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða umfram þau mörk sem sett eru í tilskipun ESB um starfstengda lífeyrissjóði. Munu Landssamtök lífeyrissjóða koma þessum sjónarmiðum samtakanna á framfæri við stjórnvöld.

Fróðlegt er að sjá hvernig íslenska lífeyrissjóðakerfið eflist ár frá ári í samburði við lífeyriskerfi nágrannalandanna. Styrkur lífeyriskerfa er gjarnan mældur sem hlutfall af landsframleiðslu í einstökum ríkjum. Í eftirfarandi súluriti má sjá stöðu íslenska lífeyriskerfisins miðað við árslok 2004. Þess má geta að vöxtur lífeyriskerfisins hefur verið mikill á síðustu tveimur árum sem sést best af því að við síðustu áramót mælist íslenski

Lífeyrissparnaðurinn u.þ.b. 120% af landsframleiðslu. Til samanburðar mælist Norski olíusjóðurinn sem á síðasta ári skipti um nafn u.þ.b. 75% af landsframleiðslu Noregs.

Íslensku lífeyrissjóðirnir eru nú öflugri en nokkru sinni fyrr og betur í stakk búnir að standa við lífeyrisloforð sín en oft áður, enda hafa margir sjóðir að undanförmu tekið ákvörðun um hækkun lífeyrisréttinda sjóðfélaga sinna umfram það sem kveðið er á um samþykktum þeirra. Þó að nú um stundir séu ytri aðstæður lífeyrissjóðunum mjög hagstæðar m.a. vegna framúrskarandi ávöxtunar, er ekki síður mikilvægt fyrir stjórn og starfsfólk að varðveita og styrkja sjóðina þegar á móti blæs. Þó sóknin sé góð er oft erfiðara að vera í vörninni, enda er þá ábyrgðin meiri að standa vörð um hið góða lífeyriskerfi, sem aðrar þjóðir öfundar okkur svo sannarlega að.

Á starfsárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir hjá LL. Fulltrúaráðsfundar haldinn var 28. nóvember s.l. Þessu til viðbótar stóðu samtökin fyrir þremur samráðs- og umræðufundum. Á þeim fyrsta var rætt um drög að tillögum uppgjörnefndar LL, á þeim næsta var varpað fram spurningunni; Hverjar eru horfur á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum árið 2007. Á þeim þriðja var umræðuefnið: Alþjóðleg lífeyrismiðstöð á Íslandi og alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir. Allir tókust þessir fundir með ágætum.

Ég vil að lokum fyrir hönd stjórnar Landsamtaka lífeyrissjóða þakka framkvæmdastjóra LL og lífeyrissjóðunum fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári. Að endingu þakka ég samstjórnarmönnum fyrir mjög gott samstarf. Einn þeirra Víglundur Þorsteinsson, lætur af stjórnarstörfum á þessum aðalfundi. Við þetta tækifæri færi ég Víglundi bestu þakkir fyrir vel unnin störf, en hann hefur setið í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða allt frá stofnun samtakanna 18. desember 1998, eða í rúm 8 ár.

**Arnar Sigurmundsson**